

Mál nr. 86/2018**M og
V vegna slysatryggingar ökumanns fyrir ökutækið A****Ágreiningur um bótaskyldu. Slysatrygging ökumanns.****Gögn.**

Málskot, dags. 05.03.2018 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 22.03.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir tjóni í umferðarslysi 6. mars 2017 þegar hann ók ökutækinu A aftan á annað ökutæki á Sæbraut við Sundagarða í Reykjavík. M bar fulla sök á árekstrinum. M fór á bráðadeild Landspítalans 8. mars 2017 sökum verkja og einkenna og var greindur með tognun á háls- og brjósthrygg. M tilkynnti slysið til V 24. apríl 2017.

Í vottorði sjúkraþjálfara 18. desember 2017 kemur fram að tjónþoli glími enn við afleiðingar slyssins sem hafi áhrif á starfsþrek hans. 4. janúar 2018 lá fyrir vottorð bæklunarlæknis um heilsufarslegar afleiðingar slyssins á M og kemur þar einnig fram að afleiðingarnar hái M varðandi vinnu, áhugamál og almennt.

V samþykkir bótaskyldu en telur að M verði að bera helming tjóns síns sjálfur þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í bréfi V kemur fram að samkvæmt gögnum málsins og framburði M sjálfs hafi hann bæði ekið of hratt miðað við aðstæður og verið að horfa á farsíma undir stýri.

M hafnar því að hafa ekið of hratt miðað við aðstæður og ekkert liggi fyrir um hraða bifreiðar hans þegar slysið varð. Hann hafi um stundarkorn litið á farsíma sinn og slíkt geti ekki talist stórkostlegt gáleysi. Því sé um almennt gáleysi að ræða sem geti ekki dregið bætur niður.

Ef talið verði að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða krefst M þess að hann verði aðeins látinn bera 1/3 hluta sakar.

Álit.

Í skýrslu heilsugæslunnar 8. mars 2017 er haft eftir M að hann hafi verið að kíkja á símann sinn og líti svo upp og þá sé allt stopp fyrir framan hann og hann aki aftan á bílinn fyrir framan sig. Í 47. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987, segir að ökumanni vélknúins ökutækis sé við akstur óheimilt að nota farsíma án handfrjáls búnaðar. Í tjónstilkynningu sem Aðstoð og Öryggi ehf. gerði kemur fram að M hafi sagst hafa verið á of miklum hraða miðað við aðstæður og hafi of seint séð að umferðin var stopp fyrir framan hann.

Með vísan til þess að M var óheimilt að nota farsíma og af gögnum megi ráða að verulegar líkur séu til þess hann hafi ekið of hratt miðað við aðstæður þar sem Sæbraut er fjölfarinn gata og umferðarþungi- og hraði verulegur er litið svo á að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. M skal því bera helming tjóns síns sjálfur.

Niðurstaða.

M skal bera helming tjóns síns vegna bóta úr slysatryggingu ökumann fyrir A.

Reykjavík, 17. apríl 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.